

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Zynrelef (60 mg+1,8 mg)/2,3 ml sáraforðalaun

Zynrelef (200 mg+6 mg)/7 ml sáraforðalaun

Zynrelef (400 mg+12 mg)/14 ml sáraforðalaun

2. INNIHALDSLÝSING

Hver ml af laun inniheldur 29,25 mg af búpívakáini og 0,88 mg af meloxíkami.

Zynrelef forðalaun er fáanleg í eftirfarandi skömmtum:

- 60 mg/1,8 mg af búpívakáini/meloxíkami.
- 200 mg/6 mg af búpívakáini/meloxíkami.
- 400 mg/12 mg af búpívakáini/meloxíkami.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Sáraforðalaun.

Tær, fölgulur eða gulur, seigfljótandi vökvi.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Zynrelef er ætlað til notkunar við verkjum í litlum til meðalstórum skurðsárum eftir aðgerðir hjá fullorðnum (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Zynrelef skal gefa við aðstæður þar sem þjálfað starfsfólk og búnaður eru til staðar svo unnt sé að meðhöndla strax sjúklinga sem sýna merki um eiturverkanir á taugar eða hjarta.

Skammtar

Ráðlagður skammtur fer eftir stærð skurðsvæðis og því rúmmáli sem þarf að nota til að hylja viðkomandi vef á skurðsvæði þar sem verkir kunna að koma fram. Tryggja skal að ekki sé til staðar umframmagn efnis sem gæti pressast út úr sárholinu meðan verið er að loka því, einkum ef um lítið svæði er að ræða (sjá kafla 4.4).

Það rúmmál sem draga skal upp samsvarar því magni sem Luer-lock stjakan tekur. Hér á eftir fara dæmi um rúmmál sem draga skal upp og skammta til lyfjagjafar:

- Skurðaðgerð til að rétta stórutá – allt að 2,3 ml (60 mg/1,8 mg)
- Opinn haulsaumur í nára – allt að 10,5 ml (300 mg/9 mg)

Hámarksheildarskammtur af Zynrelef sem notaður er má ekki vera stærri en 400 mg/12 mg (u.þ.b.14 ml).

Notkun ásamt öðrum deyfilyfjum

Þegar Zynrelef er notað ásamt öðrum staðdeyfilyfjum þarf að hafa í huga heildarútsetningu fyrir staðdeyfilyfjum í 72 klst. Á heildina litið má gefinn hámarksskammtur af búpívakaíni ekki vera stærri en 400 mg/dag.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir sjúklingar (≥ 65 ára)

Gefa skal öldruðum sjúklingum minni skammta í réttu hlutfalli við aldur og líkamlegt ástand. Þar sem nýrnastarfsemi kann að vera skert hjá öldruðum sjúklingum skal íhuga það þegar skammtur er valinn.

Skert nýrnastarfsemi

Engin þörf er á aðlögun skammta af Zynrelef hjá sjúklingum með vægt eða í meðallagi skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2). Ekki má nota Zynrelef hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi sem hafa ekki gengist undir skilun (sjá kafla 4.3) og notkun er ekki ráðlögð hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi sem hafa gengist undir skilun (sjá kafla 4.4).

Skert lifrastarfsemi

Engin þörf er á aðlögun skammta af Zynrelef hjá sjúklingum með vægt eða í meðallagi skerta lifrastarfsemi. Fylgjast skal með sjúklingum hvað varðar merki um versnun lifrastarfsemi (sjá kafla 4.4 og 5.2). Ekki má nota Zynrelef hjá sjúklingum með verulega skerta lifrastarfsemi (sjá kafla 4.3).

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Zynrelef hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Til notkunar í vefjaskemmd.

Zynrelef er ætlað til notkunar á skurðsvæði.

Zynrelef er ætlað til notkunar sem stakur skammtur.

Zynrelef skal aðeins undirbúið og gefið með sæfðum hlutum sem fylgja aðgerðarpakkningunni (oddur með ventli fyrir hettuglas, sprauta, Luer-lock stjaka). Notkunarleiðbeiningar í heild er að finna í fylgiseðli fyrir heilbrigðisstarfsmenn.

Zynrelef skal nota á skurðsvæði eftir síðustu skolun og sog og áður en saumað er. Ef um er að ræða mörg lög af vef skal nota lausnina eftir síðustu skolun og sog á hverju lagi áður en lokað er.

Zynrelef er ekki gefið með inndælingu, heldur á að nota það án nálar á vefjalögin undir skurðinum á húðinni. Ekki skal setja lausnina á húð. Nota skal nægilegt magn af lausn til að hylja vefinn. Þurrkið umfram Zynrelef af húðinni áður en eða á meðan sárinu er lokað.

Þegar hnútar eru bundnir á einþættan þráð getur snerting við Zynrelef valdið því að hnútar losni að hluta til eða alveg vegna seigju Zynrelef. Lágmarkið notkun Zynrelef nálægt skurðsárinu og þurrkið umfram Zynrelef af húðinni áður en saumað er. Mælt er með þremur (3) eða fleiri hnútum sem enda á margvöfðum hnút (skurðlæknahnút) þegar einþættir þráðir eru notaðir. Íhugið notkun fléttaðra þráða eða gaddaþráða, sérstaklega til að loka dýpri lögum.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um undirbúning lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

- Sjúklingar með þekkt ofnæmi fyrir staðdefilyfjum af gerð amíða eða bólgueyðandi verkjalyfjum. Meloxíkam má ekki gefa sjúklingum sem sýna merki um astma, sepa í nefi, ofsabjúg eða ofsakláða eftir gjöf asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi verkjalyfja.
- Síðasti þriðjungur meðgöngu (sjá kafla 4.6).
- Kransæðarhjáveituaðgerð (sjá kafla 4.4).
- Veruleg hjartabilun (sjá kafla 4.4).
- Verulega skert lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.4).
- Veruleg nýrnabilun án skilunar (sjá kafla 4.4).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Ekki hefur verið sýnt fram á verkun og öryggi við stórar skurðaðgerðir á borð við skurðaðgerðir á kvið, æðum og brjóstholi (sjá kafla 5.1). Ráðlagt er að nota ekki lyfið við stórar skurðaðgerðir.

Altækar eiturverkanir af völdum staðdefilyfja (LAST, Local anaesthetic systemic toxicity)

Þar sem möguleg hættu er fyrir hendi á alvarlegum og lífshættulegum aukaverkunum í tengslum við gjöf búpívakaíns skulu lyf sem innihalda búpívakaín gefin við aðstæður þar sem þjálfað starfsfólk og búnaður eru til staðar svo unnt sé að meðhöndla strax sjúklinga sem sýna merki um eiturverkanir á taugar eða hjarta.

Búpívakaín kann að valda bráðum eiturverkunum í miðtaugakerfi og hjarta ef það er notað til staðdefyingar við aðgerðir þar sem þéttni virka efnisins getur orðið mikil í blóði. Þetta á einkum við ef lyfið er óvart gefið í æð eða með inndælingu í æðarík svæði. Tilkynnt hefur verið um taktruflanir í sleglum, sleglatíf, skyndilegt lost og dauðsföll í tengslum við mikla altæka þéttni búpívakaíns. Læknirinn sem sér um meðferðina skal viðhafa nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að forðast altækar eiturverkanir af völdum staðdefilyfja (sjá kafla 4.2).

Þeir sjúklingar sem nauðsynlegt er að hafa sérstakt eftirlit með til að draga úr hættu á hættulegum aukaverkunum eru m.a. eftirfarandi:

- Gefa skal öldruðum og sjúklingum sem almennt eru við slæma heilsu minni skammta í samræmi við líkamlegt ástand.
- Sjúklingar með algert leiðslurof eða að hluta til, þar sem staðdefilyf geta bælt hjartaleiðni.
- Sjúklingar með langt genginn lifrarsjúkdóm eða verulega starfstruflun í nýrum.

Eiturverkanir af völdum staðdefilyfja hafa samlegðaráhrif og gæta skal varúðar við notkun þeirra, m.a. skal hafa eftirlit með áhrifum á taugakerfi og hjarta og æðar í tengslum við altækar eiturverkanir af völdum staðdefilyfja.

Hjarta og æðar

Upplýsingar úr klínískum rannsóknum og faraldsfræðilegar upplýsingar gefa til kynna að notkun tiltekinna bólgueyðandi verkjalyfja (einkum í stórum skömmtum og við langtímameðferð) kunni að tengjast örlítið aukinni hættu á segamyndun í slagæðum (t.d. hjartadrep eða slag). Ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að hægt sé að útiloka slíka áhættu varðandi Zynrelef. Forðast skal notkun Zynrelef hjá sjúklingum sem hafa nýlega fengið hjartadrep nema búist sé við að ávinningurinn vegi þyngra en hættan á endurtekinni segamyndun í hjarta og æðum.

Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, hjartabilun, staðfestan blóðþurrðarsjúkdóm í hjarta, útslagæðakvilla og/eða heila- eða æðasjúkdóm skulu aðeins fá meðferð með Zynrelef að loknu vandlegu mati.

Meltingarfæri

Tilkynnt hefur verið um blæðingu, sár eða rof í meltingarfærum, sem kunna að reynast banvæn, við notkun allra bólgueyðandi verkjalyfja á hvaða tímabili meðferðar sem var, með eða án viðvörunareinkenna eða fyrri sögu um alvarleg atvik í meltingarfærum. Þar sem Zynrelef inniheldur

meloxíkam, sem er bólgueyðandi verkjalyf, skulu heilbrigðisstarfsmenn hafa augun opin fyrir merkjum og einkennum um sár og blæðingu í meltingarfærum. Ef grunur leikur á um alvarlega aukaverkun í meltingarfærum skal hefja mat og meðferð án tafar.

Hættan á blæðingu, sárum eða rofi í meltingarfærum eykst samhliða stærri skömmtum bólgueyðandi verkjalyfja hjá sjúklingum með sögu um sár og hjá öldruðum. Íhuga skal samsetta meðferð með verndandi lyfjum (t.d. mísóprostóli eða prótonpumpuþemlum) handa þessum sjúklingum og handa sjúklingum sem þurfa á samhliða meðferð að halda með asetýlsalisýlsýru í litlum skömmtum eða með öðrum virkum efnum sem líklegt er að auki hættu á kvillum í meltingarfærum (sjá hér að neðan og kafla 4.5).

Ráðleggja skal sjúklingum með sögu um eiturvekanir í meltingarfærum, einkum öldruðum, að tilkynna um öll óvenjuleg kviðeinkenni (einkum blæðingu frá meltingarfærum).

Ráðlagt er að gæta varúðar hjá sjúklingum sem fá samhliða lyf sem gætu aukið hættuna á sárum eða blæðingu, svo sem heparín, segavarnarlyf á borð við warfarín eða önnur bólgueyðandi verkjalyf, þ.m.t. asetýlsalisýlsýru sem gefin er í skömmtum sem hafa bólgueyðandi virkni (≥ 1 g ef teknir eru stakir skammtar eða ≥ 3 g sem heildardagsskammtur) (sjá kafla 4.5).

Alvarleg húðviðbrögð

Tilkynnt hefur verið um lífshættuleg húðviðbrögð (Stevens-Johnson heilkenni [SJS] og húðþekjudreplos [TEN]) við notkun meloxíkams. Upplýsa skal sjúklinga um teikn og einkenni og fylgjast skal náið með þeim hvað varðar húðviðbrögð. Mesta hættan á Stevens-Johnson heilkenni eða húðþekjudreplosi er á fyrstu vikum meðferðar. Ef sjúklingur hefur fengið Stevens-Johnson heilkenni eða húðþekjudreplos við notkun meloxíkams má aldrei aftur gefa viðkomandi sjúklingi Zynrelef.

Eftirlit með lifrar- og nýrnastarfsemi

Tilkynnt hefur verið um stöku hækkun transaminasagilda í sermi, hækkun gallrauða í sermi eða annarra breyta hvað varðar lifrarstarfsemi, auk hækkunar kreatíníns í sermi og þvagefnis í blóði og einnig aðrar raskanir á rannsóknarbreytum við notkun meloxíkams. Flest þessara tilvika höfðu með skammvinn og léttvæg frávík að gera. Fylgjast skal með sjúklingum hvað varðar teikn um versnun lifrar- eða nýrnastarfsemi.

Eiturvekanir á nýru og skert nýrnastarfsemi

Vart hefur orðið við eiturvekanir á nýru hjá sjúklingum þar sem prostaglandín í nýrum gegna uppbótarhlutverki við að viðhalda gegnflæði nýrna. Hjá þessum sjúklingum getur gjöf bólgueyðandi verkjalyfja valdið skammtaháðri minnkun á myndun prostaglandína og einnig minnkun á blóðflæði um nýru sem getur flýtt fyrir greinilegri nýrnabilun. Þeir sem eiga þessi viðbrögð helst á hættu eru sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi, nýrungaheilkenni, nýrnakvilla í tengslum við rauða úlfa, vökvaskort, blóðmagnsskort, hjartabilun, verulega vanstarfsemi lifrar, þeir sem taka þvagræsilyf, angíótensín breytiensímhemla (ACE hemla) eða angíótensín-II blokka og einnig aldraðir.

Hafa skal eftirlit með nýrnastarfsemi hjá sjúklingum með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi, hjartabilun, vökvaskort eða blóðmagnsskort eftir gjöf Zynrelef.

Áhrif meloxíkams á nýrun kunna að hraða á versnun vanstarfsemi nýrna hjá sjúklingum sem þegar eru með nýrnasjúkdóm.

Engar upplýsingar liggja fyrir úr klínískum samanburðarrannsóknum hvað varðar notkun meloxíkams hjá sjúklingum með langt genginn nýrnasjúkdóm. Þar sem sum umbrotsefni meloxíkams skiljast út um nýrun er ekki mælt með notkun Zynrelef handa sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi sem hafa gengist undir skilun, nema búist sé við að ávinningur vegi þyngra en hættan á versnun nýrnastarfsemi. Ekki má nota Zynrelef hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi sem hafa ekki gengist undir skilun (sjá kafla 4.3).

Skert lifrarstarfsemi

Þar sem búpívakaín umbrotar í lifur skal gæta varúðar við notkun stórra skammta hjá sjúklingum með lifrarsjúkdóm. Hættan á blóðvökvaþéttni sem getur valdið eiturvefnum er aukin hjá sjúklingum með verulegan lifrarsjúkdóm vegna skorts á getu til eðlilegra umbrota hvað varðar staðeyfilyf. Ekki má nota Zynrelef hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.3).

Blóðkalíumhækkun

Tilkynnt hefur verið um aukna þéttni kalíums í sermi, þ.m.t. blóðkalíumhækkun, í tengslum við meloxíkam hjá sjúklingum sem eru með sykursýki eða fá samhliða meðferð sem vitað er til að auki þéttni kalíums. Zynrelef skal aðeins nota handa sjúklingum með blóðkalíumhækkun ef ávinningurinn vegur þyngra en áhættan.

Brjóskeysing

Tilkynnt hefur verið um brjóskeysingu eftir markaðssetningu hjá sjúklingum sem fengu samfelld innrennsli í lið með staðeyfilyfjum eftir aðgerð. Flest tilfelli brjóskeysingar sem tilkynnt hefur verið um komu fram í axlarlið. Þar sem ýmsir orsakapættir eru fyrir hendi og ósamræmi er í vísindalegum heimildum hvað varðar verkunarhátt, hefur orsakasamband ekki verið staðfest. Forðast skal samfelld innrennsli í lið með Zynrelef.

Skert sáragræðsla

Vart varð við skerta sáragræðslu hjá sjúklingum eftir skurðaðgerð til að rétta stórutá (sjá kafla 4.8). Ef um lítil og þröng skurðsvæði er að ræða skal forðast að gefa of mikið magn (sjá kafla 4.2).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Búpívakaín

Búpívakaín skal nota með varúð hjá sjúklingum sem fá önnur staðeyfilyf eða virk efni sem hafa svipaða byggingu og staðeyfilyf af gerð amíða, t.d. tiltekin lyf við taktruflunum á borð við lídókaín og mexiletín, þar sem altækar eiturvekanir hafa samlegðaráhrif (sjá kafla 4.4).

Meloxíkam

ACE hemlar, angíótensín-II blokkar

Bólguþandi verkjalyf kunna að draga úr blóðþrýstingslækkandi áhrifum ACE hemla, angíótensín-II blokka eða beta-blokka (þ.m.t. própranolóls).

Hjá sjúklingum sem eru aldraðir, með vökvaskort (þ.m.t. þeir sem fá meðferð með þvagræsilyfjum) eða með skerta nýrnastarfsemi getur samhliða gjöf bólguþandi verkjalyfs með ACE hemlum eða angíótensín-II blokkum valdið versnun nýrnastarfsemi sem venjulega er afturkræf, þ.m.t. hugsanlega bráðri nýrnablun.

Hafa skal eftirlit með sjúklingum sem fá ACE hemla, angíótensín-II blokka eða betablokka eftir meðferð með Zynrelef til að tryggja að ákjósanlegum blóðþrýstingi sé náð. Hafa skal eftirlit með sjúklingum sem eru aldraðir, með vökvaskort eða með skerta nýrnastarfsemi hvað varðar teikn um versnun nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.4).

Þvagræsilyf

Hafa skal eftirlit með sjúklingum sem taka þvagræsilyf eftir meðferð með Zynrelef hvað varðar teikn um versnun nýrnastarfsemi auk þess sem tryggja skal verkun þvagræsilyfja, þ.m.t. blóðþrýstingslækkandi áhrif.

Litíum

Tilkynnt hefur verið um að bólgueyðandi verkjalyf auki gildi litíums í blóðinu (vegna minnkaðs útskilnaðar litíums um nýrun) svo það kunni að ná gildum sem valda eiturveknum. Samhliða notkun litíums og bólgueyðandi verkjalyfja er ekki ráðlögð. Ef notkun Zynrelef með litíum virðist nauðsynleg skal hafa eftirlit með sjúklingum hvað varðar teikn um eiturvekanir af völdum litíums eftir meðferð með Zynrelef.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun Zynrelef á meðgöngu hjá mönnum.

Búpívakaín

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun búpívakaíns á meðgöngu. Dýraránnsóknir hafa sýnt minnkaða lifun afkvæma og eiturvekanir á fósturvísu (sjá kafla 5.3).

Meloxíkam

Hömlun nýmyndunar prostaglandína getur haft skaðleg áhrif á meðgöngu og/eða á þroska fósturs/fósturvísis. Upplýsingar úr faraldsfræðilegum rannsóknum gefa til kynna aukna hættu á fósturláti, hjartagöllum og kviðarklofa eftir notkun lyfja sem hamla nýmyndun prostaglandína á fyrsta hluta meðgöngu. Heildarhættan á vansköpunum í hjarta og æðum jókst frá því að vera innan við 1% í það að vera allt að u.þ.b. 1,5%. Talið er að áhættan aukist með skammtastærð og lengd meðferðar. Hjá dýrum kom í ljós að gjöf lyfja sem hamla nýmyndun prostaglandína veldur aukinni tíðni fósturláta fyrir og eftir hreiðrun og banvænum áhrifum hjá fósturvísu/fóstrum. Auk þess hefur verið tilkynnt um aukið nýgengi ýmis konar vanskapana, þ.m.t. í hjarta og æðum, hjá dýrum sem fengu lyf sem hamla nýmyndun prostaglandína meðan á líffæramyndun stóð.

Frá því á 20. viku meðgöngu og eftir það getur meloxíkam í Zynrelef valdið legvatnsþurrð sem er tilkomin vegna truflunar á nýrnastarfsemi hjá fósturi. Þetta getur gerst stuttu eftir meðferð og er yfirleitt afturkræft. Auk þess hefur verið greint frá þrengingu á slagæðarási eftir meðferð með meloxíkami á öðrum þriðjungi meðgöngu sem að mestu leyti gekk til baka eftir að meðferð var hætt. Því skal ekki nota Zynrelef á fyrsta og öðrum þriðjungi meðgöngu, nema brýna nauðsyn beri til. Ef Zynrelef er notað af konu sem er að reyna að verða þunguð, eða á fyrsta eða öðrum þriðjungi meðgöngu, skal hafa skammtinn eins lítinn og mögulegt er. Íhuga skal eftirlit á meðgöngu með tilliti til legvatnsþurrðar og þrengingar á slagæðarási í nokkra daga eftir útsetningu fyrir Zynrelef frá 20. viku meðgöngu og eftir það.

Á síðasta þriðjungi meðgöngu geta öll lyf sem hamla nýmyndun prostaglandína valdið útsetningu fósturs fyrir eftirfarandi:

- Eiturvekanir á hjarta og lungu (ásamt snemmkominni þrengingu/lokun slagæðarásar og lungnaháþrýstingi).
- Vanstarfsemi nýrna (sjá hér að ofan).

Móður og nýbura við lok meðgöngu, fyrir:

- Húsanleg lenging blæðingartíma vegna hindrunar á samloðun blóðflagna sem geta jafnvel átt sér stað við mjög litla skammta.
- Hömlun samdráttar í legi sem veldur seinkun eða lengingu á fæðingu.

Af þessum sökum, vegna meloxíkam þáttarins, má ekki nota Zynrelef á síðasta þriðjungi meðgöngu (sjá kafla 4.3).

Brjóstagjöf

Búpívakaín og meloxíkam skiljast út í brjósamjólk í litlu magni. Samkvæmt klínískri rannsókn yrði áætlaður heildarskammtur úr brjósamjólki hjá ungbarninu af búpívakaíni og meloxíkami 0,3% og 1,0% af þyngdaraðlöguðum skammti móður, að meðaltali.

Hins vegar, vegna þess að áhrif Zynrelef útsetningar á nýbura/ungbörn á brjósti eru ekki þekkt þarf að vega og meta kosti brjóstagjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar með Zynrelef fyrir konuna og ákveða á grundvelli matsins hvort hefja eða stöðva eigi tímabundið brjóstgjöf.

Frjósemi

Rannsóknir hafa ekki verið framkvæmdar til að meta áhrif Zynrelef á frjósemi karla og kvenna.

Notkun meloxíkams kann að skerða frjósemi kvenna sem reyna að verða þungaðar. Hjá konum sem eiga erfitt með að verða þungaðar eða ef verið er að rannsaka frjósemi, skal aðeins nota Zynrelef ef ávinningurinn vegur þyngra en áhættan.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Búpívakaín hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Verið getur að Zynrelef hafi mjög væg áhrif á andlega hæfni og samhfingu, jafnvel þótt engar greinilegar eitruverkanir á miðtaugakerfi komi í ljós, og þetta getur skert hreyfigetu og árvekni tímabundið.

4.8 Aukaverkanir

Öryggissamantekt

Algengasta aukaverkunin var sundl (15,1%).

Tafla með lista yfir aukaverkanir

Eftirfarandi aukaverkanir eru byggðar á reynslu í klínískum rannsóknum og skráðar samkvæmt flokkun eftir líffærum og tíðni í töflu 1 hér að neðan. Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst. Tíðni aukaverkana er skráð með eftirfarandi flokkun: mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$).

Tafla 1: Tilkynntar aukaverkanir vegna Zynrelef

Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar	Algengar
Taugakerfi	Sundl	Bragðskynstruflun
Hjarta		Hægtaktur
Æðar		Lágþrýstingur
Húð og undirhúð		Óeðlileg lykt af húð
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað		Húðbeðsbólga Skert græðsla* Staðbundin viðbrögð Staðbundinn þroti Staðbundinn roði Þroti í útlimum

* Vart varð við skerta sárgræðslu, þ.m.t. opnun sára, hjá sjúklingum eftir skurðaðgerð til að rétta stórutá (líkan með skurðaðgerð þar sem um lítil og þröng skurðsvæði er að ræða til ídreypingar með lyfinu).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Búpívakain

Ef inndæling búpívakains á sér óvart stað í æð getur það valdið tafarlausum (innan nokkurra sekúndna eða mínútna), altækum eiturveknum. Ef ofskömmtn á sér stað koma altækar eiturvekanir síðar fram (15-60 mínútnum eftir inndælingu) vegna hægari hækkunar á þétni staðeyfilyfs í blóðinu.

Bráðar altækar eiturvekanir

Altækar eiturvekanir hafa fyrst og fremst áhrif á miðtaugakerfi og hjarta og æðar.

Eiturvekanir í miðtaugakerfi

Eiturvekanir í miðtaugakerfi eru stigmælanleg svörun þar sem einkenni og teikn halda áfram að versna. Fyrstu einkennin eru venjulega náladofi umhverfis munninn, dofi í tungu, vægur svimi, ofnæm heyrn, eyrnasuð og sjóntruflanir. Tormæli, vöðvakippir eða skjálfti eru alvarlegri einkenni og fyrirboði útbreiddra krampa. Þessum einkennum má ekki rugla saman við einkenni taugaveiklunar.

Meðvitundarleysi og alflog (grand mal) geta komið fram í kjölfarið og staðið frá fáum sekúndum upp í nokkrar mínútnur. Súrefnisskortur og koltvísýringshækkun koma fljótt fram í kjölfar krampa vegna aukinnar vöðvavirkni, auk þess sem truflun verður á öndun og starfsemi öndunarvega kann að skerðast. Í alvarlegum tilvikum getur öndunarstöðvun átt sér stað. Blóðsýring, blóðkalíumhækkun og súrefnisskortur auka og lengja eiturvekanir staðeyfilyfja.

Bati kemur fram vegna endurdreifingar staðeyfilyfsins frá miðtaugakerfi, auk umbrota og útskilnaðar í kjölfarið. Bati getur verið hraður nema ef mjög stórir skammtar af búpívakaini hafi verið gefnir með inndælingu.

Eiturvekanir í hjarta og æðum

Eiturvekanir í hjarta og æðum geta komið fram í alvarlegum tilvikum og sjást venjulega í kjölfar teikna um eiturvekanir í miðtaugakerfi. Hugsanlegt er að engin forboðaeinkenni í miðtaugakerfi komi fram hjá sjúklingum við mikla slævingu eða almenna svæfingu. Lágþrýstingur, hægtaktur, taktruflanir og jafnvel hjartastopp geta komið fram við háa altæka þétni staðeyfilyfja, en í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur hjartastopp átt sér stað án forboðaeinkenna í miðtaugakerfi.

Meðferð bráðra eiturvekana

Ef einkenni bráðra eiturvekana koma fram, skal samstundis stöðva gjöf Zynrelef.

Gefa skal súrefni við fyrstu merki um eiturvekanir.

Fyrsta skrefið við meðhöndlun krampa, auk skertrar öndunar eða öndunarstöðvunar, felur í sér að tryggja tafarlaust að öndunarvegum sé haldið opnum og veita öndunarstuðning eða stýrða öndun með súrefni og gjafabúnaði sem gerir það kleift að veita tafarlaust jákvæðan þrýsting í öndunarveg með öndunargrímu. Um leið og búið er að tryggja öndun skal meta blóðrásarvirkni og hafa skal í huga að lyf sem eru notuð til að meðhöndla krampa hafa stundum bælandi áhrif á blóðrás þegar þau eru gefin í bláæð. Ef krampar hverfa ekki þrátt fyrir nægan öndunarstuðning og ef ástand blóðrásar leyfir, má gefa örlítið stigaukna skammta af barbitúráti með afar stutta virkni (á borð við tíópental eða tíamýlal) eða bensódíasepíni (á borð við díasepam) í bláæð. Læknirinn þarf að þekkja þessi krampaleysandi lyf áður en deyfilyf eru gefin. Stuðningsmeðferð vegna bælingar á blóðrás getur kallað á gjöf vökva í bláæð og æðaprengilyf sem hentar klínískum aðstæðum (á borð við efedrín, til þess að örva samdráttargetu hjartavöðva), eftir því sem við á.

Ef krampar og bæling á hjarta og æðum eru ekki meðhöndluð tafarlaust getur slíkt valdið súrefnisskort, blóðsýringu, hægtakti, taktruflunum og hjartastoppi. Ef hjartastopp á sér stað skal hefja hefðbundnar hjarta- og lungnalífgunaraðgerðir.

Hugsanlega er viðeigandi að framkvæma barkapræðingu, gefa lyf og nota þá tæknilegu kunnáttu sem læknirinn býr yfir eftir fyrstu súrefnisgjöf með öndunargrímu ef erfitt reynist að viðhalda öndunarvegum opnum eða ef þörf er á lengri öndunaraðstoð (öndunarstuðningi eða stýrðri öndun).

Meloxíkam

Takmörkuð reynsla er af ofskömmtn meloxíkams.

Einkenni sem koma fram eftir bráða ofskömmtn bólgueyðandi verkjalyfja takmarkast venjulega við svefnhöfga, svefndrunga, ógleði, uppköst og uppmagálsverki sem ganga yfirleitt til baka við stuðningsmeðferð. Blæðing getur átt sér stað frá meltingarfærum. Bráðaofnæmislik viðbrögð geta komið fram eftir ofskömmtn.

Meðhöndla skal sjúklinga með einkennamiðaðri stuðningsmeðferð eftir ofskömmtn Zynrelef.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Deyfilyf, staðdeyfilyf (amíð), ATC-flokkur: Liggur ekki fyrir

Verkunarháttur

Zynrelef er samsett forðalyf í föstum skömmtn sem inniheldur búpívakaín og meloxíkam. Í u.þ.b. 72 klst. eftir að Zynrelef er borið á skurðsvæði losar það búpívakaín og meloxíkam, sem síðan frásogast í aðliggjandi vefi. Meloxíkam er talið stjórna bólgu í vef og gerir því sýrustig stöðugt, auk þess sem það eflir áhrif búpívakaíns sem veldur aukningu á verkjastillandi áhrifum.

Búpívakaín er staðdeyfilyf af gerð amíða sem hefur bæði deyfandi og verkjastillandi áhrif. Í stórum skömmtn veitir það deyfandi áhrif fyrir skurðaðgerðir en í minni skömmtn skerðir það snertiskyn (verkjastillandi áhrif) en dregur síður úr hreyfigetu.

Meloxíkam er bólgueyðandi verkjalyf af flokki oxíkama sem hefur bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi áhrif. Nákvæmur verkunarháttur þess er enn ekki þekktur. Meloxíkam hamlar lífefnamyndun prostaglandína sem eru þekktir bólgumiðlar.

Lyfhrif

Búpívakaín

Búpívakaín veldur afturkræfti blokkun á dreifingu boða í taugatrefjum með því að koma í veg fyrir að natríumjónir færast inn á við gegnum frumuhimnu taugatrefja. Natríumgöng taugahimnunnar eru talin vera viðtaki sameinda staðdeyfilyfja.

Staðdeyfilyf kunna að hafa svipuð áhrif á örvanlegar himnur, t.d. í heila og hjartavöðva. Ef óeðlilega mikið magn virka efnisins kemst í altæka blóðrás geta einkenni og teikn eiturvekana komið fram í miðtaugakerfi og hjarta og æðum.

Eiturvekanir í miðtaugakerfi (sjá kafla 4.9) koma venjulega fram á undan áhrifum á hjarta og æðar þar sem eiturvekanir í miðtaugakerfi koma fram við lægri þéttni í blóðvökva. Bein áhrif staðdeyfilyfja á hjartað geta verið hæg leiðni, neikvæð samdráttarhæfni og jafnvel hjartastopp.

Verkun og öryggi

Verkun Zynrelef var metin í 2 fjölsetra, tvíblindum samanburðarrannsóknnum með samhliða hóp og samanburði við virkt lyf og lyfleysu.


Rannsókn 301 (Skurðaðgerð til að rétta stórutá)

Alls var 412 sjúklingum sem gengust undir skurðaðgerð til að rétta stórutá á öðrum fæti, með beinskurði og festingu samhliða Mayo-deyfingu með lídókaíni, slembiraðað í 1 af eftirfarandi 3 meðferðarhópum í hlutfallinu 3:3:2 (í þessari röð): Zynrelef 60 mg/1,8 mg, búpívakaín hýdróklóríð 50 mg eða lyfleysa í formi saltlausnar. Meðalaldur sjúklinga var 47 ár (á bilinu 18 til 77 ára) og flestir

sjúklingarnir voru kvenkyns (86%). Zynrelef var borið beint á skurðsvæðið að aðgerð lokinni, eftir síðustu skolun og sog og áður en svæðinu var lokað. Búpívakain hýdróklóríð og lyfleysa í formi saltlausnar voru gefin með inndælingu og ídreypingu, í þessari röð. Vægi verkja var metið af sjúklingum með talnaskala (NRS) frá 0 til 10 þar til 72 klst. eftir skömmtun. Að aðgerð lokinni var engin ákveðin verkjalyfjaáætlun til staðar. Hins vegar fengu sjúklingar úrlausnarmeðferð með verkjalyfjum eftir þörfum (10 mg oxýkódon til inntöku á 4 klst. fresti, 10 mg af morfíni í bláæð á 2 klst. fresti og/eða 1.000 mg parasetamol til inntöku á 6 klst. fresti).

Niðurstöður voru jákvæðar hvað varðar aðalendapunkt og alla 4 megin aukaendapunktana. Zynrelef dró verulega úr AUC meðalgildi skora á talnaskala A varðandi vægi verkja og sýndi virkni fyrstu 72 klst. eftir skurðaðgerð samanborið við bæði lyfleysu í formi saltlausnar (aðalendapunktur) og búpívakain HCl (Mynd 1). Zynrelef dró einnig verulega úr neyslu ópíóíða og jók verulega það hlutfall einstaklinga sem þurftu ekki á úrlausnarmeðferð með ópíóíðum að halda eftir aðgerð (voru lausir við ópíóíða) (Tafla 2).

Mynd 1: Meðalvægi verkja á 72 klst. tímabili í rannsókn 301 (skurðaðgerð til að rétta stórutá)



Tafla 2: Notkun ópíóíða á 72 klst. tímabili í rannsókn 301 (skurðaðgerð til að rétta stórutá)

		Zynrelef 60 mg/1,8 mg (N = 157)	Búpívakain hýdróklóríð 50 mg (N = 155)	Lyfleysa í formi saltlausnar (N = 100)
Heildarneysla ópíóíða^a í 0-72 klst.	Miðgildi	13	18	25
	p-gildi samanborið við lyfleysu í formi saltlausnar	< 0,0001		
	p-gildi samanborið við búpívakain hýdróklóríð	0,0022		
Engin notkun ópíóíða í 0-72 klst.	n (%)	45 (29%)	17 (11%)	2 (2%)
	p-gildi samanborið við lyfleysu í formi saltlausnar	< 0,0001		
	p-gildi samanborið við búpívakain hýdróklóríð	0,0001		


^a Sem jafngildi milligramma af morfíni í bláæð (IV MME).

Rannsókn 302 (Haulsaumur í nára)

Alls var 418 sjúklingum sem gengust undir opinn haulsaum í nára með neti og við svæfingu, slembiraðað í 1 af eftirfarandi 3 meðferðarhópum í hlutfallinu 2:2:1 (í þessari röð): Zynrelef 300 mg/9 mg, búpívakaín hýdróklóríð 75 mg eða lyfleysa í formi saltlausnar. Meðalaldur sjúklinga var 49 ár (á bilinu 18 til 83 ára) og flestir sjúklingarnir voru karlkyns (94%). Zynrelef var borið beint á skurðsvæðið að aðgerð lokinni, eftir síðustu skolun og sog á hverju fellslagi og áður en svæðinu var lokað. Búpívakaín hýdróklóríð og lyfleysa í formi saltlausnar voru gefin með inndælingu og ídreypingu, í þessari röð. Vægi verkja var metið af sjúklingum með talnaskala (NRS) frá 0 til 10 þar til 72 klst. eftir skömmtnun. Að aðgerð lokinni var engin ákveðin verkjalyfjaáætlun til staðar. Hins vegar fengu sjúklingar úrlausnarmeðferð með verkjalyfjum eftir þörfum (10 mg oxýkódon til inntöku á 4 klst. fresti, 10 mg af morfíni í bláæð á 2 klst. fresti og/eða 1.000 mg parasetamol til inntöku á 6 klst. fresti).

Niðurstöður voru jákvæðar hvað varðar aðalendapunkt og alla 4 megin aukaendapunktana. Zynrelef dró verulega úr AUC meðalgildi skora á talnaskala A varðandi vægi verkja og sýndi virkni fyrstu 72 klst. eftir skurðaðgerð samanborið við bæði lyfleysu í formi saltlausnar (aðalendapunktur) og búpívakaín HCl (Mynd 2). Zynrelef dró einnig verulega úr neyslu ópíóíða og jók verulega það hlutfall einstaklinga sem voru lausir við ópíóíða (Tafla 3).

Mynd 2: Meðalvægi verkja (talnaskali) á 72 klst. tímabili í rannsókn 302 (hauksaumur)



Tafla 3: Notkun ópíóíða á 72 klst. tímabili í rannsókn 302 (hauksaumur)

		Zynrelef 300 mg/9 mg (N = 164)	Búpívakaín hýdróklóríð 75 mg (N = 172)	Lyfleysa í formi saltlausnar (N = 82)
Heildarneysla ópíóíða^a í 0-72 klst	Miðgildi	0	7	11
	p-gildi samanborið við lyfleysu í formi saltlausnar	0,0001		
	p-gildi samanborið við búpívakaín hýdróklóríð	0,0240		
Engin notkun ópíóíða í 0-72 klst.	n (%)	84 (51%)	69 (40%)	18 (22%)
	p-gildi samanborið við lyfleysu í formi saltlausnar	< 0,0001		
	p-gildi samanborið við búpívakaín hýdróklóríð	0,0486		

^a Sem jafngildi milligramma af morfíni í bláæð (IV MME).

Aðgerðir sem ekki hafa verið metnar með Zynrelef

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun í tengslum við stórar skurðaðgerðir, þ.m.t. skurðaðgerðir á kvið, æðum og brjóstholi (sjá kafla 4.4).

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Zynrelef hjá einum eða fleiri undirhópum barna við bráðum verkjum eftir aðgerð (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Staðbundin notkun Zynrelef á skurðsvæði veitir greinanleg altæk gildi í blóðvökva í 72 klst. hvað varðar búpívakaín og í 120 klst. hvað varðar meloxíkam. Altæk gildi búpívakaíns í blóðvökva eftir notkun Zynrelef samsvara verkun lyfsins.

Frásög

Zynrelef er forðalyf sem inniheldur búpívakaín og meloxíkam, sem gefið er með gjafabúnaði með fjölliðu. Eftir að stakur skammtur er notaður af Zynrelef eru búpívakaín og meloxíkam losuð samtímis úr fjölliðunni í u.þ.b. 3 daga.

Lyfjahvarfabreytur hvað varðar búpívakaín og meloxíkam í Zynrelef voru metnar eftir fjölda skurðaðgerða.

Lýsandi tölfraði hvað varðar lyfjahvarfabreytur viðeigandi skammta af Zynrelef í hverri rannsókn er að finna í töflu 4.

Tafla 4: Samantekt á lyfjabreytum hvað varðar búpívakaín og meloxíkam eftir gjöf stakra skammta af Zynrelef

Virkt innihaldsefni	Breyta	Skurðaðgerð til að rétta stórutá: Zynrelef 60 mg/1,8 mg (N = 17)	Haulsaumur: Zynrelef 300 mg/9 mg (N = 16)
Búpívakaín	C _{max} (ng/ml)	53,6 (32,6)	271 (147)
	t _{max} (klst.)	3,00 (1,55-24,08)	18,22 (3,10-30,28)
	AUC _(0-t) (klst.×ng/ml)	1.650 (1.130)	14.900 (8.470)
	AUC _(inf) (klst.×ng/ml)	1.680 (1.190)	15.300 (8.780)
Meloxíkam	C _{max} (ng/ml)	25,6 (13,8)	225 (96,3)
	t _{max} (klst.)	18,02 (8,13-60)	53,72 (24,2-96,02)
	AUC _(0-t) (klst.×ng/ml)	1.600 (915)	18.600 (7.860)
	AUC _(inf) (klst.×ng/ml)	1.660 (1.050)	15.500 (NC ^a)

AUC = flatarmál undir ferli; NC = ekki útreiknað.

Athugasemd: Hreint meðaltal (staðalfrávik) nema t_{max} við miðgildi (bil). Skammtar af Zynrelef eru skráðir sem búpívakaín skammtur (mg)/meloxíkam skammtur (mg).

^a Upplýsingar um brotthvarfsfasa fengust ekki hjá nægum fjölda sjúklinga; staðalfrávik var ekki reiknað út.

Dreifing

Eftir að búpívakaín og meloxíkam hafa losnað úr Zynrelef og frásogast á altækan hátt, er búist við að dreifing búpívakaíns og meloxíkams verði sú sama og hvað varðar aðrar lausnir sem innihalda búpívakaín hýdróklóríð eða meloxíkam til inntöku.

Búpívakaín

Heildarúthreinsun búpívakaíns í blóðvökva er 0,58 l/mín., dreifingarrúmmálið við jafnvægi er 73 l og millistig útdrátthlutfalls lifrar er 0,38 í kjölfar gjafar í bláæð. Það binst að mestu leyti alfa-l-sýruglýkópróteini og binding þess í blóðvökva er 96%.

Meloxíkam

Meloxíkam binst blóðvökvapróteinum að mjög miklu leyti, einkum albúmini (99%). Meloxíkam berst í liðvökva og veitir þar þéttni sem nemur u.þ.b. helmingi af blóðvökvapéttni. Dreifingarrúmmálið er lítið, eða að meðaltali 11 l. Breytileiki milli einstaklinga er u.þ.b. 30-40%.

Umbrot

Búpívakaín

Búpívakaín umbrotar verulega í lifur, fyrst og fremst með vatnsrofi yfir í 4-hýdroxý-búpívakaín og með N-afalkýlun yfir í pípekóloxýlídíð (PPX), sem hvoru tveggja er fyrir tilstilli sýtokróms P450 (CYP) 3A4. Þéttni PPX og 4-hýdroxý-búpívakaíns í blóðvökva eftir gjöf búpívakaíns er lítil samanborið við móðurlyfið. Umbrotsefnin hafa minni lyfjafræðilega virkni en búpívakaín.

Meloxíkam

Meloxíkam gengst undir veruleg umbrot í lifur. Fjögur mismunandi umbrotsefni meloxíkams komu fram í þyagi og voru öll lyfjafræðilega óvirk. Megin umbrotsefnið, 5'-karboxýmeloxíkam (60% af skammtinum), verður til við oxun milliumbrotsefnisins 5'-hýdroxýmetýlmeloxíkams, sem skilst einnig út í minna mæli (9% af skammtinum). *In vitro* rannsóknir gefa til kynna að CYP2C9 hafi mikilvægu hlutverki að gegna varðandi þetta umbrotaferli en að ísóensímið CYP3A4 gegni þar minna hlutverki. Peroxídasavirkni sjúklingsins ber líklega ábyrgð á hinum umbrotsefnunum tveimur sem eru 16% og 4% af gefnum skammti, í þessari röð.

Brotthvarf

Eftir að búpívakaín og meloxíkam losna úr Zynrelef og frásogast á altækan hátt, má búast við að útskilnaður þeirra sé sá sami og hvað varðar aðrar lausnir sem innihalda búpívakaín hýdróklóríð eða meloxíkam til inntöku.

Búpívakaín

U.þ.b. 1% af búpívakaíni skilst út með þvagi sem óbreytt lyf innan 24 klst. og u.þ.b. 5% sem PPX. Miðgildi helmingunartíma ($t_{1/2}$) búpívakaíns úr Zynrelef er u.þ.b. 14 til 15 klst.

Meloxíkam

Meloxíkam skilst að mestu leyti út í formi umbrotsefna og slíkt á sér stað í svipuðu magni með þvagi og hægðum. Innan við 5% af dagsskammti skiljast út í óbreyttu formi í hægðum, en aðeins skiljast út leifar af móðurefninu í þvagi. Miðgildi helmingunartíma ($t_{1/2}$) meloxíkams úr Zynrelef er u.þ.b. 22 til 25 klst. Heildarúthreinsun í blóðvökva er að meðaltali 8 ml/mín.

Sérstakir sjúklingahópar

Eftir að búpívakaín og meloxíkam hafa losnað úr Zynrelef og frásogast á altækan hátt, er búist við sömu áhrifum hvað varðar skerta lifrar- og nýrnastarfsemi og á við um önnur lyfjaform sem innihalda búpívakaín og meloxíkam.

Skert lifrar-/nýrnastarfsemi

Úthreinsun búpívakaíns fer nánast algjörlega fram fyrir tilstilli umbrota í lifur og er næmari fyrir breytingum á eðlislægri virkni lifrarensíma en gegnflæði í lifur.

Hvorki vanstarfsemi lifrar né væg eða í meðallagi skert nýrnastarfsemi hafa veruleg áhrif á lyfjahvörf meloxíkams. Þegar um verulega nýrnabilun er að ræða getur aukið dreifingarrúmmál valdið hærri þéttni óbundins meloxíkams (sjá kafla 4.3 og kafla 4.4).

Aldraðir

Í kjölfar skömmtunar meloxíkams til inntöku, var meðalúthreinsun í blóðvökva við stöðugt ástand örlítið minni en tilkynnt var um hjá yngri einstaklingum.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar varðandi Zynrelef, búpívakaín og meloxíkam benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á almennum eiturverkunum og eiturverkunum á æxlun og þroska.

Engar vísbendingar hafa komið fram varðandi stökkbreytandi áhrif meloxíkams, hvort sem er *in vitro* eða *in vivo*. Ekki varð vart við hættu á krabbameinsvaldandi áhrifum í tengslum við meloxíkam hjá rottum og músum við skammta sem voru miklu stærri en skammtar við klíniska notkun. Engar langtímarannsóknir hafa verið framkvæmdar hjá dýrum til að meta líkur á stökkbreytingum og krabbameinsvaldandi áhrifum í tengslum við Zynrelef og búpívakaín.

Búpívakaín berst yfir fylgju. Í rannsóknum á eiturverkunum á æxlun varð vart við minni lifun hjá afkvæmum hjá rottum og dauða fósturvísa hjá kanínum við skammta af búpívakaíni sem námu 1,9- eða 2,1-földum ráðlögðum hámarksskammti á dag af Zynrelef hjá mönnum (byggt á líkamsyfirborði við hámarksútsetningu á dag hjá einstaklingi sem vóg 60 kg). Rannsókn á búpívakaíni hjá rhesus öpum gaf til kynna breytt atferli eftir fæðingu þegar útsetning fyrir búpívakaíni átti sér stað við fæðingu.

